

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Fellahreppi árið 1993.

1. gr.

Hreppsnefnd Fellahrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1993 sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

a) Íbúðir.

Sorphirðugjald er kr. 5 000 á hverja íbúð í Fellabæ.

Sorpeyðingargjald er kr. 1 250 á hverja íbúð í dreifbýli.

b) Fyrirtæki.

Sorpeyðingargjald er eftirfarandi:

Flokkur 1) kr. 5 000

Flokkur 2) kr. 15 000

Flokkur 3) kr. 30 000

Flokkur 4) kr. 60 000

Flokkur 5) kr. 120 000

Hreppsnefnd skipar fyrirtækjum í flokka eftir magni úrgangs.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af hreppsnefnd Fellahrepps, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum og öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytið, 11. janúar 1993.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.